

Nd.

519. Frumvarp

til laga um nýbýli.

Flm.: Hannes Jónsson, Magnús Torfason.

I. KAFLI

Skipulag nýbýla.

1. gr.

Nýbýli nefnist í lögum þessum:

1. Hvert það býli, sem reist er á óræktuðu landi.
2. Býli, sem stofnað er til við skipting jarða, enda þótt ræktað land fylgi.
3. Jarðir, sem eigi hafa verið í ábúð 5 ár samfleytt, áður en þær eru teknar til endurbyggingar og ræktunar.

Nýbýli skal hafa þá lágmarkslandsstærð, að í því felist möguleikar til viðunandi framfærslu einnar fjölskyldu.

2. gr.

Nýbýlahverfi nefnist í lögum þessum 5 eða fleiri nýbýli, sem stofnuð eru á einum stað með félagslegum samtökum.

Nýbýlafélög eru þau félög, sem samkvæmt ákvæðum í lögum sínum eða samþykktum hafa að markmiði að reisa nýbýlahverfi, hvort sem sú starfsemi er aðalstarfsemi félagsins eða eigi.

3. gr.

Ríkisnýbýli nefnast í lögum þessum þau nýbýli og nýbýlahverfi, sem stofnsett eru á kostnað ríkissjóðs, en ríkið leigir eða selur einstaklingum, með öllum þeim mannvirkjum, sem nauðsynleg eru til búrekstrar á þeim.

II. KAFLI

Stuðningur ríkisins til nýbýlastofnunar.

4. gr.

Ríkið leggur árlega fram allt að 250 þúsund kr. til styrktar stofnun nýbýla og nýbýlahverfa í landinu samkvæmt 1. og 2. gr., og skal fé til þess árlega áætlað í fjárlögum hvers árs. Auk þessa skal helmingi þess fjár, sem árlega er áætlað til atvinnubóta í landinu, varið til nýbýlastofnunar samkvæmt 1.—3. gr. Svo skal og verja, að svo miklu leyti sem við verður komið, starfskröftum vinnu-hælisins á Eyrarbakka til stofnunar nýbýla.

Nánari reglur um þetta skulu settar í reglugerð.

5. gr.

Styrkur til nýbýla og nýbýlahverfa skal nema allt að helmingi stofnkostnaðar. Til stofnkostnaðar sé talið landverð, ræktunarkostnaður og byggingarkostnaður allra nauðsynlegra íbúðar- og peningshúsa vegna búrekstrar á býlinu.

Styrkur þessi má þó eigi nema meiru en 12 þúsund krónum til einstakra býla og 10 þús. kr. til býla í nýbýlahverfum.

6. gr.

Styrkur sá, sem veittur er til nýbýlastofnunar, er eigi afturkræfur, en skoðast sem stofnfé, sem ábúandi hefir rentulaust, en þarf að viðhalda. Þetta verðmæti í býlinu miðast við hið upprunalega kostnaðarverð býlisins og fasteignamat á hverjum tíma, þannig að verðmætið er hinn sami hluti af fasteignamatverðinu og það var af kostnaðarverðinu, að frádregnum þeim umbótum, sem ábúandi býlisins hefir gert án styrks samkv. lögum þessum, enda skulu þær umbætur metnar sérstaklega.

Við kaup og sölu á býlunum skal ætíð miðað við fasteignamat, að frádregnu því verðmæti, sem styrkur hefir verið veittur til, enda er óheimilt að veðsetja eða skuldbinda það verðmæti.

7. gr.

Ríkisnýbýli skulu reist á kostnað ríkisins, fyrir atvinnubótafé, og skal staður fyrir þau valinn þar, sem hægt er um samgöngur og ræktunarskilyrði eru góð, og helzt þar, sem möguleikar eru til notkunar jarðhita eða rafmagns. Ríkið leggur til land handa býlum þessum, er að stærð fullnægi ákvæðum 1. gr., og skulu af landi þessu vera fullræktaðir 5 ha. Þá lætur ríkið reisa byggingar, bæði íbúðar- og peningshús. Þegar býlin eru fullbúin, skulu þau leigð eða seld. Leigan sé 3% af hálfu kostnaðarverði býlisins.

Séu býlin seld, skulu þau seld við hálfu kostnaðarverði og lánakjör vera hin sömu og til annara nýbýla.

8. gr.

Þau nýbýli, sem til hefir verið stofnað síðan 1928 og fullnægja þeim skilyrðum, sem sett eru í lögum þessum, er heimilt að styrkja með framlagi úr ríkissjóði, er nemi $\frac{1}{4}$ af kostnaðarverði þeirra framkvæmda, sem gerðar hafa verið, enda sé bæði ræktun og bygging á býlum þessum í samræmi við það, sem ætlazt er til í lögum þessum.

Með kaup og sölu á býlum þessum fer eftir sömu reglum og ákveðið er í 6. gr.

III. KAFLI

Lán til nýbýla.

9. gr.

Ríkissjóður skal árlega leggja fé til Byggingar- og landnámsjóðs, er sé varið sem láni til nýbýlastofnunar. Upphæð lánanna skal miðuð við kostnaðarverð

þýlanna og má nema $\frac{2}{5}$ af því. Lánin skulu ávaxtast og endurborgast með jöfn-
um greiðslum, þannig, að árgjaldið sé 5% af allri lánsupphæðinni í 42 ár.

IV. KAFLI

Um stofnun nýbýla.

10. gr.

Það er heimilt að mynda fleiri nýbýli úr stærri jarðeignum með því að
skipta þeim, ef:

1. Hver jörð fyrir sig eftir skiptin samsvarar þeirri kröfu um lágmarksstærð,
sem tiltekin er í 1. gr. laga þessara.
2. Að engin sameiginleg veðbönd hvila á því útskipta landi jarðarinnar, sem
ætlað er til stofnunar nýbýla.

Á jarðarpörtum, sem ríkið á, má reisa nýbýli. Ríkið skal selja þessa jarðar-
parta við matsverði, og reiknast það upp í framlag ríkisins. Land nýbýla skal
vera með greinilegum merkjum.

11. gr.

Til nýbýla getur verið stofnað af einstaklingum, sem hafa nægilega stórt
land og gott til umráða, eða nýbýlafélögum, sem hafa það að markmiði að láta
reisa nýbýli. Þetta geta verið sérstök félög, sem stofnuð eru í þessum tilgangi,
eða búnaðarfélög, hreppsfélög og sýslufélög. En ætíð skulu þó nýbýlin aftur seld
einstaklingum.

12. gr.

Nýbýlahverfi skulu stofnuð af félagi manna, samvinnufélagi, sem hefir það
að markmiði að stofna og starfrækja nýbýlahverfi. Félag þessi skulu semja sér
reglur (samþykktir), er samþykktar séu af stjórn nýbýlamála. Í reglum þessum
skulu meðal annars vera ákvæði um: Stjórn félagsins og fyrirkomulag, um land
það, er félagið hefir til umráða, undirbúning þess (framræslu og ræktun), skipt-
ing milli býla o. s. frv. Þá skulu vera ákvæði um byggingar, rafvirkjun, vatns-
leiðslur og vegi, svo og hverja samvinnu menn hafa um lántökur og starfrækslu.

13. gr.

Stjórn nýbýlamála skal láta fara fram nákvæma ramnsókn á því, hvar hent-
ast sé að reisa ríkisnýbýli. Síðan lætur hún fara fram mæling á þeim svæðum,
er bezt þykja fallin til stofnunar ríkisnýbýla, og gera áætlun um allan undirbún-
ing, vegi, framræslu, ræktun, byggingar, vatnsleiðslu, rafvirkjun og annað, er
þar að lýtur. Þegar þessu starfi er lokið, skulu framkvæmdir byrja, og eigi síðar
en árið 1935.

14. gr.

Ríkisnýbýli skal bæði reisa einstök og sem nýbýlahverfi. Hin fyrstu nýbýli
og nýbýlahverfi skal reisa sitt í hverjum landsfjórðungi, og skal til þeirra vandað
sem kostur er á og leita álita og tillagna hinna ýmsu kunnáttumanna um hin
ýmsu atriði, er til framkvæmda koma.

V. KAFLI

Um búendur nýbýla.

15. gr.

Hver sá, sem reisa vill nýbýli og verða vill aðnjótandi þess stuðnings og verndar, er lög þessi veita, þarf að fullnægja eftirfarandi skilyrðum:

1. Að hann sanni, að hann hafi þekkingu á búnaði og hafi unnið við búnaðarstörf minnst 3 ár.
2. Að hann sanni, að hann sé dugandi og áreiðanlegur maður, sem hafi áhuga á búnaði.
3. Að hann sanni, að hann sé sjálfstæður maður, sem eigi skuldlaust minnst sem svarar 10% af kostnaðarverði býlisins með áhöfn, og geti lagt það fram til nýbýlisstofnunarinnar.
4. Til þess að geta fengið stuðning til endurbóta á eldri nýbýlum, þarf hlutaðeigandi að geta sannað, að hann sé fær um að stunda búnað, og starf hans á umliðnum árum sé þannig, að það verðskuldi stuðning til áframhaldandi starfs.

Um sönnunargögn fyrir 1.—4. lið þessarar greinar setur atvinnumálaráðherra, eftir tillögum nýbýlastjórnar, nánari reglur.

VI. KAFLI

Stjórn nýbýlamála.

16. gr.

Atvinnumálaráðherra hefir yfirstjórn allra nýbýlamála í landinu, en hann skal fela Búnaðarfélagi Íslands framkvæmdir þessara mála.

17. gr.

Búnaðarfélag Íslands hefir umsjón laga þessara, og felur það einum starfsmanna sinna að sjá um allt, er að þessum framkvæmdum lýtur, og nefnist sá maður nýbýlastjóri.

18. gr.

Störf nýbýlastjóra eru aðallega þessi:

1. Að vera með í vali á landi til nýbýlastofnunar.
2. Að mæla upp eða sjá um mæling á þessum löndum og gera áætlun um framræslu, vegagerð o. fl., er lýtur að ræktun þeirra.
3. Að útvega leiðbeiningar um húsagerð á býlum þessum.
4. Að leiðbeina í öllu, er að ræktun og búrekstri á býlum þessum lýtur.

19. gr.

Dóknun fyrir starf sitt fær nýbýlastjóri eftir samningi við Búnaðarfélag Íslands, sem samþykktur sé af atvinnumálaráðherra.

20. gr.

Nánari reglur um framkvæmd þessara laga setur atvinnumálaráðherra, eftir tillögum nýbýlastjóra.

21. gr.

Með lögum þessum eru önnur lög og ákvæði í lögum, er varða nýbýli hér á landi og koma í bága við lög þessi, úr gildi felld.

22. gr.

Lög þessi öðlast gildi nú þegar.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er samið að tilhlutun Bændaflokksins, og hefir Sig. Sigurðsson búnaðarmálastjóri gert fyrsta uppkast að frumvarpinu, sem síðan hefir tekið nokkrum breytingum. Þá hefir hann og samið greinargerð, er hér fer á eftir:

Fyrir rúmum þúsund árum komu forfeður vorir hingað til lands og námu land. Þeir reistu nýbýli um land allt, og á hlutfallslega stuttum tíma var landið fullnumið. Hin nýja byggð var miðuð við það, að sem auðveldast yrði að hagnýta sér gæði landsins, hvort sem var að ræða um gróður, veiðar, reka eða önnur gæði, sem landið hafði að bjóða. Býlin urðu mismunandi stór. Aðalból í bú-sældarsveitunum, kringum þau minni býli, hjáleigur, og dreifð kot upp til fjalla og með ströndum fram, þar sem síður var bú-sældarlegt. Á þennan hátt var hæg aðstaða fyrir bændur landsins til að nota gæði þess, og það land, sem lá fjær býlunum, var notað sem afrétt, eða þar voru hyggð sel.

Landið fullnumið.

Sem sagt, tilgangur hinna fyrstu landnema var að hagnýta gæði landsins sem bezt, gróður, veiðar, eggjatekju, reka og annað, sem landið hafði að bjóða. Um hitt var litt athugað, hvort þessi gæði myndu ganga til þurrðar. En það kom brátt í ljós, að öll þau gæði, sem til að byrja með virtust vera í yfirfljótanlegum mæli, gengu fljótt til þurrðar. Skógurinn eyddist, landið fór að blása upp, veiðar brugðust, fiskurinn gekk eigi ætíð upp að ströndum landsins eða inn á firði. Veðráttan var breytileg o. fl. Allt þetta voru vonbrigði. Menn reyndu umbætur; sagnir og venjur sýna, að allmikið hefir verið gert að þeim á fyrri öldum. Mest hefir verið unnið að girðingum og vatnsveitum. Þess sjást enn merki víðsvegar um land.

Þegar landnámsmenn reistu hér bú, var landið skógi vaxið milli fjalls og fjöru, ár og vötn full af silungi og laxi, óhemja öll af fugli, hvölum og selum og fiskurinn gekk upp í landsteina. Margra alda friðun hafði aukið gróðurteppi lands vors og gert það þroskamikið. Líkt var með öll lands- og lagardýr. Gæði landsins gáfu því landsmönnum mikið í bú. Það virtust nær óþrjótandi möguleikar til búsfanga. En allt, sem af er tekið, þverr, og svo reyndist hér.

Nýir vágastir komu einnig til sögunnar. Yfir landið komu hallæri, ísar um-

luktu það. Vegna hriða og fannkyngis gat búpeningurinn enga björg fengið og féll unnvörpum. Eldgos og öskufall eyðilagði stærri eða minni svæði af landinu, svo þar varð eigi lífvænt, enda féll fólk þá unnvörpum. Margar sveitir og býli iögðust þá í auðn. Um allar sveitir lands vors sjást merki til þessa. Út á annesjum, í innstu dölum, já, upp í öræfum sjást rústir af fornum byggðum.

Um tölu býla á Íslandi til forna er allt á huldu. Þau voru fyrst talin 1703, svo ábyggilegt sé. Síðan telja landshagsskýrslur og fasteignamöt, að þau hafi verið:

1703	7537	1801	7401	1852	5621	1901	6796
1910	6687	1922	6146	1932	5749			

Í jarðamatinu 1922 eru talin 248 eyðibýli, en 1932 eru þau talin 489. Innan kauptúna eru talin 76 býli 1922, en engin 1932. Að þessu leyti og fleiru er ósamræmi í matinu.

Samkvæmt jarðamatinu 1922 og 1932 hefir býlum fækkað á þessum 10 árum um 397. Í þessu sambandi er fróðlegt að athuga manntölin 1920 og 1930. Þau telja heimili á öllu landinu þannig:

	1920	1930
Reykjavík	3652	5618
Kaupstaðir	2445	3669
Verzlunarstaðir	2514	3035
Sveitir	9009	8654
	Alls 17620	20976

Samkvæmt þessu hefir heimilum í sveitum fækkað á þessum 10 árum um 355. En í kaupstöðum og verzlunarstöðum hefir þeim fjölgað um:

Reykjavík	1966
Kaupstöðum	1224
Verzlunarstöðum	521
	Alls 3711

Þessar tölur sýna, að mjög er athugasvert, hve býlum og heimilum í sveit fækkar, einkum á síðustu áratugum, þrátt fyrir það, að nokkur nýbýli hafa komið til sögunnar, sem síðar mun tilgreint.

Nýbýli.

Ég hefi síðustu árin safnað upplýsingum um nýbýli, eyðingar, ræktun við kauptún o. fl. Eyðublöð hafa verið send til allra hreppstjóra, bæjar- og borgarstjóra á landinu. Svör hafa komið frá rúmum 100, en ókomnar eru upplýsingar frá mörgum enn. Verður því eigi gefin út heildarskýrsla um þetta enn. En nokkur atriði viðvikjandi nýbýlunum skulu tilfærð.

Nýbýli þau, sem upplýsingar eru til um, eru stofnuð á síðustu 50 árum. Tala býlanna er 90. Á 27 þeirra eru steinhús, 28 timburhús, 23 torfbæir og óákveðið eða blandað byggingarefni á 12 býlum.

Eftir sýslum er tala býlanna:

Gullbringu- og Kjósarsýsla	10
Snæfellsnessýsla	3
Dalásýsla	2

Barðastrandarsýsla	6
Ísafjarðarsýsla	9
Strandasýsla	2
Húnavatnssýsla	9
Skagafjarðarsýsla	1
Suðnr-Þingeyjarsýsla	26
Norður-Þingeyjarsýsla	7
Norður-Múlasýsla	5
Suður-Múlasýsla	3
Vestur-Skaftafellssýsla	1
Rangárvallasýsla	4
Árnessýsla	2
Samtals	90

Stærð ræktaða landsins er sem hér segir:

Á 24 býlum minna en	1 ha.
— 24 —	1—2 —
— 18 —	2—3 —
— 5 —	3—4 —
— 2 —	4—5 —
— 2 —	5—6 —
— 15 —	óákveðin stærð.

Stærð óræktaða landsins, sem fylgir býlunum, er mjög misjöfn, og víða alls ekki getið um hana á skýrslunum, en mörg býlanna hafa óskipt land með jörð þeirri, sem þau eru byggð úr, eða aðeins beitarréttindi.

Ræktun á nýbýlum þessum er víða lítil. Töðuafli sumstaðar svo að segja enginn.

Að meðaltali kemur á býli:

Taða	79,2 hestar.
Útney	50,3 —
Jarðepli	4,4 tunnur.
Rófur	3,5 —
Nautgripir	2,0
Sauðfé	48,2
Geitfé	0,85
Hross	2,1
Alifuglar	6,2

Heimilismenn eru 5 að meðaltali á býli.

Skýrsla þessi gefur nokkra hugmynd um, hvernig ástæðurnar eru með nýbýlastofnunina í landinu. En hinsvegar er þetta eigi heildarmynd, þar eð upplýsingar vantar frá mörgum stöðum.

Það, sem hér er sérstaklega athyglisvert, er, hve býlin hafa litið land til umráða. Ræktun og áhöfn er lítil, svo að í raun og veru eru þetta eigi býli til að framfleyta fjölskyldu, heldur öllu heldur verkamannabústaðir, þar sem menn verða að leita atvinnu annarsstaðar.

Fyrirskipanir um nýbýli.

Í þessa átt er fyrirskipun, sem kom út 1776. Hún heimilar Hans Wium að verja nokkrum hluta af tekjum Múlasýslna til styrktar fólki, sem tekur jarðir, sem erfitt er að halda í byggð. Einkum skal nýgiftum hjónum veitt hlunnindi með eftirgjöf á sköttum og tíundum í fámennum sveitum.

Þetta er ein af fyrstu ráðstöfunum til að viðhalda byggð á Íslandi.

Landsnefndinni, sem skipuð var 1770, var falið að athuga, hver ráð væru til að hyggja upp eyðijarðir. Árið 1776 gaf konungur út fyrirskipun um hlunnindi þau, er nýbyggjendum á Íslandi veitist til að hyggja upp eyðijarðir.

Aðalefni þessarar fyrirskipunar var:

Fyrst er kvartað um, að jarðir fari í eyði og fólkinu fækki. Til að ráða bót á þessu er fyrirskipað:

1. Heimilt er að byggja nýbýli á landi, sem enginn eigandi finnst að. Um þetta eru settar ýmsar reglur.
2. Nýbýli má taka upp í afréttum, almenningum og óbyggðum landsplássum. Um þetta eru þó sett mörg ákvæði.

Stjórnarvöldunum er falin framkvæmd þessara mála. Setja og þinglýsa landamærkjum nýbýlanna og öðrum hlunnindum, svo allt sé á löglegan hátt framkvæmt.

Hlunnindi nýbyggjenda samkvæmt tilskipuninni eru:

1. Skattfrelsi í 20 ár.
2. Ef nýbyggjandi á eigi landið sjálfur, hefir hann skattfrelsi og tíundarfrelsi sína lífstíð, svo og ekkja hans. Sonur eða dóttir hafa forgangsrétt að ábúðinni. Ef jarðareigandi hefir reist húsin, er leiguliði laus við landsskuld í 3 ár, en 10 ár, ef hann hefir sjálfur reist húsin, og síðan eftir mati. Ef um konungsjarðir er að ræða og nýbyggjandi byggir sjálfur, fær hann öll þau hlunnindi, sem nefnd hafa verið, og jörðina leigulaust í 20 ár.
3. Þeir, sem reisa nýbýli þar, sem enginn er eigandi, fá eignar- og óðalsrétt á landinu. Hinsvegar er þessum mönnum gert að skyldu að girða tún sín og annað af landareigninni eftir megni, og þar að auki ryðja og yrkja jörðina. Verði misbrestur á þessu, missa þeir sín réttindi.

Í bréfi stjórnarinnar 1776 til stiftamtanna er þeim, er taka bólfestu á eyðijörðum, heitinn styrkur bæði til bygginga og áhafnar.

Í ferðabók Olavíusar 1780 getur Jón Eiríksson nokkuð um árangurinn af þessum fyrirskipunum. Hann segir, að 4 eyðijarðir hafi verið byggðar og 7 nýbýli reist. Nokkr bættust síðan við.

Það, sem stóð nýbýlastofninn fyrir þrífum, var einkum það, að bændum þóttu þau skerða bithaga. Sem dæmi þess er nefnt, að presturinn í Húsavík hafi látið byggja nýbýli á heimajörðinni. En bændur söfnuðust saman og rifu húsin og sögðu, að nýtt býli myndi orsaka vöntun á bithaga.

Um nýbýlamálið er hljótt alla 19. öldina, en í lok hennar, 1897, koma nýbýlalög, sem enn eru í gildi.

Aðalefni þessara laga er:

Nýbýli má stofna á eyðijörðum og í óbyggðum, samkvæmt reglum, sem

þar um eru settar í lögnum. Nýbyggjendur fá engin hlunnindi samkvæmt lögum þessum.

Síðan hafa engin nýbýlalög komið út. Að visu eru þó ákvæði í jarðræktarlögnum um, að þjóð- og kirkjujörðum megi skipta í nýbýli.

Í lögum um Byggingar- og landnámsjóð (1928) er heimild til að lána til bygginga á nýbýlum. Meðal annars eru þar þessi ákvæði:

„Nýbýli í lögum þessum telst hvert það býli, sem reist er af nýju, annaðhvort á gamalli eyðijörð eða landi, sem skipt er úr jörð, sem er í ábúð, hvort sem því í upphafi fylgir nokkurt ræktað land eða ekki“.

„Lán til að reisa nýbýli á rækтуðu landi, eða til að reisa býli, sem ræktað land fylgir, skulu ávaxtast og endurborgast með jöfnum greiðslum. Þannig að árlegt gjald af allri lánsupphæðinni sé 3½% í 50 ár.

Lán til nýbýla, sem reist eru á órækтуðu landi og ekkert ræktað land fylgir, eru bæði afborgana- og vaxtalaus fyrstu 5 árin. Síðan skal endurborga höfuðstólinn með jöfnum afborgunum á 50 árum, en enga vexti greiða“.

Þá eru ýms ákvæði um kröfur þær, sem gerðar eru til nýbyggjenda, lánskjörin o. fl., sem eigi verður farið nánar út í.

Byggingar- og landnámsjóður hefir alls lánað þessi árin, 1929–33, fé til að reisa 29 nýbýli, eða nær 6 býli árlega, þar af 9 á órækтуðu landi. Alls er til þessara býla lánað:

Býla á rækтуðu landi	kr. 173200.00
Býla á órækтуðu landi	kr. 70500.00
	Alls kr. 243700.00

eða sem svarar á býli kr. 8400.00.

En á meðan þessi býli eru reist má ætla, að um 200 býli hafi farið í eyði á landinu. Um þetta eru þó eigi til ábyggilegar tölur, en víst er um það, að árlega hrörnar fjöldi býla, þannig að ef ekkert er að gert, liggur þeim við að fara í auðn. Þetta gildir eigi aðeins um kotin, smábýlin, heldur og hin fornu höfuðból. Litum á prestssetrin víðsvegar um land og önnur forn menningarból, storbýlin og höfðingjasetrin. Víðast er sama raunasagan, þótt undantekningar séu nokkrar.

Tillögur um nýbýlastofnun.

Þótt vér höfum enga heildarlöggjöf um nýbýli, hefir hinsvegar á síðustu áratugum mikið verið talað um stofnun nýbýla og samvinnubyggða.

Tillögur þær, sem komið hafa fram, verða hér eigi raktar. Einna merkust var stofnun félagsins Landnám 1924, sem er stofnað í líkum anda og félagið Ny jord í Noregi. Þetta félag hefir aldrei fundið náð hjá ríkisvaldinu, og hefir því haft lítið fé til umráða og litlu áorkað, þótt markmið þess sé gott. Félagið Landnám kom því til leiðar, að reist var nýbýlahverfi við Reykjavík, í Sogamýrinni. Þar hefir unnizt nokkur reynsla.

Þá hefir og nýbýlamálið verið rætt á búnaðarþingi og búnaðarmálafundum víðsvegar um land, og á þingi hafa verið borin fram frumvörp um stofnun nýbýla, sem öll hafa strandað þar. Af þessum frumvörpum má nefna:

Frumvarp til laga um nýbýli, flutningsmaður Jörundur Brynjólfsson, lá

fyrir þingunum 1931 og 1932, en náði eigi samþykki. Þá hefir Jón Baldvinsson flutt frumvarp til laga um nýbýli á fleiri þingum, síðast 1933. Í báðum þessum frumvörpum eru ýms ákvæði, sem að gagni mættu koma, og eru hin helztu þeirra tekin með í frumvarpi því, sem hér liggur fyrir.

Aðstaða nýbyggjenda nú.

Þeir, sem nú vilja reisa nýbýli, eiga erfiða aðstöðu, hafa eigi fjármagn, sem þeir geti lagt í býlin sjálfir. Styrkur til nýbýla er enginn veittur, aðeins til ræktunar samkvæmt jarðræktarlögunum. Ef lán þarf að taka, þarf sérstakt lán til bygginga, sérstakt til ræktunar, sérstakt til áhafnar. Stundum er þetta fengið sitt í hverri lánsstofnun. Þetta er mjög óhentugt og erfitt. Lán, hæfilegt til að byggja, rækta og koma upp búi, þurfa að fást á einum og sama stað. Leiðbeiningar um allt, sem að nýbýlastofnun lýtur, eru mjög í molum, þar sem engum er ætlað það sérstaklega. Mörg mistök eru því gerð og fjárhagsafkoman oft eigi glæsileg.

Að rækta og byggja landið.

Þegar talað er um ræktun og byggingu lands vors, liggur næst að hugsa um, á hvern hátt búnaður vor verði reistur úr rústum, svo að hann verði lífvænleg atvinnugrein, hvernig á hinum núverandi býlum verði gerð viðunandi bygging og ræktun, svo að þar geti starfað frjálssir og sjálfstæðir menn. Um þetta verður þó eigi rætt hér, en athugað um það, hvort möguleikar séu hér til nýbýlastofnunar.

Möguleikar til aukinnar ræktunar á landi voru eru miklir. Hve miklir, vitum vér eigi, þar eð ábyggilegar tölur um ræktanlegt land og ræktað land eru eigi til. En ætla má, að vér eigum um 2 millj. ha. af ræktanlegu landi, þar af helmingur mýrar. Ræktað land (tún og garðar) mun vera nálega 30 þús. ha. Það er minna en Flóinn (sem er 39300 ha.). Séu þessar tölur nálægt sanni, er aðeins 1,5% af hinu ræktanlega landi komið í rækt, og getur þá hver og einn gert sér í hugarlund, hve geysimikið verkefni er hér fyrir höndum við að rækta og byggja landið.

Búnaður vor hefir verið stundaður nokkuð einhliða og í föstum skorðum, aðalatriðið heyöflun, sauðfjár- og nautpeningsrækt.

Með nýbýlarækt, sem stofnað er til með forsjá og dugnaði, er hægt að reyna nýjar leiðir, enda kemur nú fleira til greina en áður var, svo sem haganleg húsa-skipun á heimilunum, bæði á íbúðar- og peningshúsum, svo heimilisstörfin verði sem auðveldust. Túnin þurfa að vera slétt og véltæk, garðyrkjan meiri og fjölskrúðugri. Ný gróðurskilyrði eru að koma til sögunnar; við laugar og hverir eru skilyrði til að reisa stóra gróðrarskála, þar sem möguleikar eru til að rækta eigi aðeins blóm, heldur og ýmsar nytjajurtir, jafnvel tóbak þrífst þar ágætlega og ýms suðræn aldini.

Reynsla í þessum efnun er hinsvegar enn í barndómi. Þegar hún er fengin, geta risið upp nýbýli á jarðhitasvæðunum, sem aðallega stunda garðyrkju, bæði í gróðrarskálum og úti.

Þá eru nýjar búpeningstegundir að koma til sögunnar. Alifuglarækt má stunda í stórum stíl, sérstaklega þegar menn læra að nota meira af imlendum

fóðurefnum handa alifuglum. Svínarækt má hafa á hverju býli, og kanínurækt er talin arðvænleg. Þá má benda á loðdýraræktina, sem hér er í uppsiglingu, og fleira getur komið til sögunnar.

Eitt má eigi gleymast í öllu þessu. Hin nýju viðfangsefni búnaðarins eru enn lítt reynd hér á landi. Til þeirra þarf því að stofna með forsjá, ef vel á að fara.

Tilgangur nýbýlastofnunar.

Með nýbýlum myndast nýjar bújarðir, sem um ókomnar aldir eiga að gefa möguleika til að fæða og klæða eina fjölskyldu á viðunandi hátt. Vel þarf því til nýbýlanna að vanda, svo að þau geti fullnægt þessari kröfu. Húsakynnin þurfa að vera hagfelld. Ræktun og annað, sem á að gefa býlinu tekjur, þarf að vera vel undirbúið og starfrækt. Með nýbýlum er það tilgangurinn, að hagnýta betur þau gæði, sem fósturjörðin hefir að geyma, draga úr jörðu hina huldu fjársjóðu, gull, og nýta sem bezt þau fæðu- og fóðurefni, sem hér er hægt að framleiða.

Til þess að nýbyggjendur séu þess umkomnir að leysa þetta hlutverk af hendi, þurfa þeir að vera menntaðir og sjálfstæðir menn, en eigi ánauðugir þræl- ar skuldafjötra, sem gerir búskapinn að basli.

Manntal á Íslandi.

Samkvæmt manntali síðustu áratuga hefir fólksfjöldi á Íslandi verið sem hér segir:

	1920		1930	
	Sveitir	Bæir	Sveitir	Bæir
Reykjavík	„	17679	„	28304
Aðrir kaupstaðir	„	11377	„	17791
		29056		46095
Gullbringu- og Kjósarsýsla	3769	509	3933	1360
Borgarfjarðarsýsla	1551	928	1405	1270
Mýrasýsla	1519	361	1336	428
Snæfellsnessýsla	2176	1713	1991	1545
Dalásýsla	1854	„	1602	„
Barðastrandarsýsla	2878	436	2189	930
Ísafjarðarsýsla	4133	2194	3489	2097
Strandasýsla	1776	„	1833	„
Húnavatnssýsla	3908	365	3550	328
Skagafjarðarsýsla	3847	510	3232	780
Eyjafjarðarsýsla	4672	329	4315	861
Þingeyjarsýsla	4907	628	4800	874
Norður-Múlasýsla	2963	„	2766	„
Suður-Múlasýsla	3375	1847	2807	1707
Austur-Skaftafellssýsla	1158	„	1127	„
Vestur-Skaftafellssýsla	1818	„	1723	„
Rangárvallasýsla	3801	„	3505	„
Árnessýsla	4140	1569	3874	1109
Samtals	54245	40445	49477	59384

Samkvæmt þessari skýrslu hefir á síðasta áratug fækkað í sveitunum um 4768, en fjölgað í bæjunum um 9907. Nákvæmar má athuga þetta eftir skýrslunni í hinum einstöku bæjum og sýslum.

Þessi breyting á starfsháttum þjóðarinnar er ihugunarverð. Menn flytja til bæjanna, finnst lífsskilyrðin þar betri. Af því leiðir fækkun í sveitunum, en fjölgun í bæjunum. Hin árlega fólksfjölgun er rúm 1700 manns á landinu. Með ári hverju eykst því þörfin fyrir fæðuefni. Búsafurðirnar (mjólk, kjöt, grænmeti) eru hin hollustu og beztu fæðuefni, sem vér eigum kost á.

Fækki fólkinu að mun í sveitunum, verður skjótt þurrð á þessum fæðuefnum, og skal það nú athugað nánar.

Þörf búsafurða.

Frá landnáms tíð og fram að síðustu áratugum hafa feður vorir aðallega lifað af búsafurðum og sjávarfangi. Búin gefa hin ágætustu fæðuefni, kjöt, mjólk og garðávexti. Auk þessa skinn og ull til klæðnaðar. Ef gnægð er af þessu og það allt hagnýtt sem bezt, er það ómetanlegt til að viðhalda lífskrafti og sjálfstæði þjóðar vorrar. Nokkru nánari grein skal fyrir þessu gerð.

Um framleiðslu búsafurða vorra eru því miður eigi til nákvæmar skýrslur, en nokkra grein er hægt að gera sér fyrir því, hvernig ástæður eru í þeim efnunum, og skal það nú gert.

Öll mjólkurframleiðsla vor er talin að vera um 48 millj. lítra árlega. Það samsvarar um 440 lítrum að meðaltali á hvert mamsbarn á landinu. Mjólkurnotkunin er næsta mismunandi í hinum ýmsu sýslum landsins og einstökum sveitum, sumstaðar eigi meiri en 140 lítrar pr. mann, en á einstaka býlum allt að 1000 lítrum.

Mjólkinn er hið hollasta og bezta fæðuefni, sem fáanlegt er á landi voru. Því myndi það vera þjóðarheill, ef framleiðsla hennar og notkun yrði aukin um $\frac{1}{3}$ frá því, sem nú er. Menn nota víða of lítið af mjólk og mjólkurafurðum, og svo mætti blanda miklu smjöri í smjörlíkið.

Kjötframleiðsla vor var árið 1931 samkvæmt útreikningi Theodórs Arnbjörnssonar:

Sauðakjöt	6600000 kg.
Nautakjöt	812000 —
Hrossakjöt	396000 —

Samtals 7808000 kg.

Af þessu kjöti selja bændur um 4,5 millj. kg. Þar af innanlands 2,4 millj. kg., aðallega til kaupstaðanna. Það verður um 40 kg. pr. mann í kaupstöðum.

Til útlanda er selt 2,1 millj. kg. Ef það kjöt væri allt notað í landinu, yrði það tæp 20 kg. pr. mann.

Samkvæmt framansögðu er innanlands-kjötneyzlan um 53 kg. pr. mann.

Nú fjölgar fólkinu um ca. 1700 árlega. Það eykur kjötpörfina um ca. 90000 kg. árlega.

Af eggjum hefir verið flutt til landsins árlega á undanförunum árum samkvæmt verzlunarskýrslum:

	Vörumagn kg.	Verð kr.
1921	16935	77424
1922	28857	105650
1923	38962	137328
1924	23854	97060
1925	43475	144924
1926	61226	156704
1927	57437	134856
1928	60752	149118
1929	57722	140946
1930	97110	206834
1931	99261	172838
1932	57164	110247
Samtals:	632755	1623929

Alifuglarækt hefir aukizt mikið hér á landi hin síðari árin. Hana er réttmætt að stunda hér, einkum á smábýlunum, og þegar vér lærum að nota meira af innlendum fóðurefnum, mun hún geta orðið arðvænleg. Framleiðsluna má auka að miklum mun fyrir innanlandsmarkaðinn.

Loðdýrarækt hefir verið reynd hér allviða á síðari árum. Möguleikar til stórfelldra umbóta og aukningar eru fyrir höndum.

Af ull og skinnum höfum vér gnægð, en betur þyrftum vér að hagnýta þessar vörur en nú er gert.

Garðávextir. Af þeim hefir verið flutt til landsins:

	Vörumagn kg.	Verð kr.
1921	1729616	478892
1922	2461705	602505
1923	1996801	442404
1924	2183461	712111
1925	2546804	606026
1926	2361022	424421
1927	2342561	511618
1928	1999963	443739
1929	2103447	427258
1930	2597551	466377
1931	2822547	527246
1932	2873426	568509

Árið 1932 hefir verið flutt inn af rótarávöxtum og grænmeti:

	Vörumagn kg.	Verð kr.
Jarðepli	2234622	357758
Gulrætur og næpur	12750	3613
Rófur	5042	1549
Laukur	104323	37552
Kálhöfuð	124901	30052
Annað nýtt grænmeti	5060	2779

	Vörumagn kg.	Verð kr.
Grænmeti þurrkað	867	2839
Kaffirætur	383948	126698
Humall	1913	5669
Samtals	2873426	568509

Vér þurfum að rækta og nota margfalt meira af garðávöxtum en nú tíðkast. Á minni heimilum er þetta sérstaklega auðvelt. Menn eiga að rækta þar eigi aðeins til eigin nota, heldur og hafa nokkuð aflögu til sölu, sem getur gefið heimilunum drjúgar tekjur. Með notkun vermireita og gróðrarskála (einkum við laugar) opnast nýjar leiðir til aukinnar garðyrkju og framleiðslu nýrra garðávaxta hér á landi. Vér verðum að vera sjálfbjarga í þessum efnunum sem öðrum.

Af þessu, sem nú hefir verið sagt, er ljóst, að þörf er á aukinni framleiðslu búsafurða og aukinni ræktun á landi voru. Hinum byggðu býlum þarf að halda við, hýsa þau betur og haganlegar en nú tíðkast og auka og bæta ræktunina. En þetta er eigi nægilegt. Árlega þurfa að rísa upp nýbýli, býli, sem sýna, að nútímabekking í húsaþætti, ræktun og öðrum búrekstri er tekin til notkunar. Það er stofnun þessara býla, sem þjóðfélag vort þarf að styðja, svo að þeim einstaklingum, sem vilja leggja fé, starf og krafta til stofnunar slíkra býla, verði það kleift.

Staðhættir og ýmsir möguleikar á landi voru eru mjög breytilegir, svo og framtíðarhugsjónir manna. Af þessum ástæðum verður eigi nýbýlalöggjöf vorri sniðinn þröngur stakkur. Í fyrstu aðeins markaðar stefnurnar og ætlað til, að ríkið rétti hjálparhönd þar, sem vilji og dugur er til einhverra framkvæmda í þessum efnunum. Reynslan sýnir svo bezt, hvert horfir, og smátt og smátt verður að gera nýbýlalöggjöfina nákvæmari, þegar reynsla og þekking vinnst í þeim efnunum.

Til skýringar hinum einstöku greinum frumvarpsins má taka fram:

Um 1. gr.

Fjöldi jarða víðsvegar um land eru lítt ræktaðar, en hafa í sér fólagna möguleika til aukinna umbóta og ræktunar. Mörgum eru æskustöðvarnar kærastar. Því er eðlilegt að styðja að því, að foreldrar skipti jörðum á milli barna sinna, þar sem landrými er nóg og ástæður eru til. Þá getur og verið ástæða til að byggja upp sumar eyðijarðir. Svo er t. d. á sandgræðslusvæðunum, þar sem sandgræðslan er búin að starfa, eða á jarðapörtum, sem ríkið hefir eignast, t. d. á Flóaáveitusvæðinu.

Um 2. gr.

Nýbýlahverfi hugsast stofnuð af nýbýlafélögum, sem hafa það að markmiði að reisa og rækta nýbýli handa félögum sínum. Félög þessi hugsast með samvinnusniði. Verið getur og, að annar félagsskapur standi að þessu, t. d. búnaðarfélag, búnaðarsambönd eða jafnvel sýslu- eða hreppsfélög.

Nýbýlahverfi má mynda á þann hátt, að stór jörð sé tekin til skiptingar eða stórt landsvæði fengið á annan hátt. Í Flóanum fær ríkið nokkrar landspildur, sem reisa mætti á nýbýlahverfi. Þetta getur verið sjálfstætt félag hlutaðeigenda,

sem að þessu standa og komið hafa sér saman um vissar reglur fyrir nýbýlastofnun, og sem svo að sjálfsögðu fá leiðbeiningar og stuðning til að koma þessu í framkvæmd.

Þegar um er að ræða stofnun nýbýlahverfa, þarf vel að vanda val á landi. Vegasambönd þurfa að vera góð, möguleikar til raforku, hægt með vatnsleiðslur í hús, góð ræktunarskilyrði, og mikil búbót eru hverir og laugar til upphitunar á húsum o. fl.

Í nýbýlahverfi geta býlin verið misstór, sum geti fætt fjölskyldu, önnur aðeins að nokkru, en heimilisfaðirinn eða aðrir leiti sér einnig annarar atvinnu. Þannig hagar t. d. til á Suðurlandi, að vetrarvertíðin gefur oft góðar tekjur, en á þeim tíma er oft lítið að starfa að búnaði, en hinn tími ársins hentugri til þess. Að sækja til sjávar og afla fjár, en hverfa síðan að landyrkjunni, er heilbrigð hugsjón, sem vér hyggjum, að réttmæt sé hjá oss, svo sem staðháttum er háttáð.

Um 3. gr.

Ríkisnýbýli er ætlazt til, að geti verið annað tveggja einstök býli eða nýbýlahverfi, hvorttveggja reist á jarðeignum ríkisins, eða ef nauðsyn þykir, að ríkið kaupi land til þessara framkvæmda. Einstök nýbýli geta verið reist á landspildum, er ríkið eignast á áveitusvæðunum eða á pörtum af þjóð- og kirkjujörðum.

Ríkisnýbýlahverfa er hugsað að stofnað sé til á stórum landspildum, svo stórum, að hægt sé að reisa þar tugi nýbýla og með tíð og tíma mynda þar sjálfstæða sveit með öllum nútíma þörfum, veganeti, raforku, skóla, kirkju, samkomuhúsi og að sjálfsögðu vel hýstum nýbýlum með fyrirmyndar ræktun o. fl.

Undirbúningur þessara býla kostar mikið, aðallega starfskrafta. En vér hyggjum, að eigi verði betur bætt úr atvinnuleysi í landinu en á þann hátt, að nokkrum hluta hinna atvinnulausu manna verði fengin störf við undirbúning nýbýla. Ennfremur gæti komið til greina, hvort starfskröftum þeim, sem eru á vinnuhæli ríkisins á Eyrarbakka, verði betur varið en til undirbúnings nýbýla. Vér ætlumst til, að ríkið byggi og rækti þessi býli til hálfis og leigi þau síðan eða selji, eftir því sem hentast þykir.

Um 4. gr.

Vér hyggjum, að nýbýlastofnun hér á landi geti eigi komizt í viðunandi horf, nema því aðeins, að ríkið veiti verulegan stuðning til hennar. Land vort er hrjóstrugt og byggingar og ræktun dýr, nær hálfu dýrari en almennt er í nágrannalöndum vorum. Býli byggt og ræktað getur aldrei rentað sinn stofnkostnað, svo sem nú standa sakir. En á hinn bóginn er það ómetanlegt gagn fyrir þjóðfélagið, að stofnað sé til nýrra býla, sem um aldur og æfi veiti fjölskyldu viðunandi lífskjör. Þess vegna hyggjum vér það skyldu þjóðfélagsins, að það eftir megni styðji og styrki nýbýlastofnun í landinu.

Styrkur sá, sem ætlazt er til, að veittur sé samkv. þessari grein, er tvennskónar. Fast framlag, sem ætlað er til styrktar nýbýlum og nýbýlahverfum, og helmingur atvinnubótafjárins, sem ætlaður er til ríkisnýbýlauna, enda hyggjum vér, að þessu fé verði eigi varið betur á annan hátt.

Mörgum mun finnast, að upphæð sú, sem ríkinu er ætlað að leggja fram til nýbýla, sé allmikil. En sé þetta miðað við heimild þá, sem felst í frumvarpi um verkamannabústaði, sem nú liggur fyrir þinginu, er þetta eigi há upphæð.

Samkv. frumvarpinu um verkamannabústaði greiði ríkissjóður í byggingarsjóð 2 kr. fyrir hvern mann í kaupstöðum og kaптúnum.

Nú eru íbúar kaupstaða og kaптúna um 60000, sem gerir .	kr. 120000.00
Kaupstaðir og hreppar leggja fram sömu upphæð	— 120000.00
Hálfar tekjur Tóbakseinkasölnunnar 1932	— 176000.00
Samtals	kr. 416000.00

Upphæð þessi er rúmum 160 þúsund kr. hærri en sú, sem nefnd er hér í frumvarpinu sem beint framlag úr ríkissjóði, og er þá að dæma um, hvort sé meiri þörf að fjölga heimilum í kaupstöðum eða sveitum.

Um 5. gr.

Styrkur sá, sem veittur yrði til nýbýla, hyggjum vér, að þyrfti að vera allt að helmingur, en að visst hámark sé þó sett um það, hve mikið megi veita til hvers býlis. Í nýbýlahverfum ættu býlin að verða ódýrari, og því er það hámark sett lægra.

Um 6. gr.

Það verður að álitast, að styrkur sá, sem ríkið leggur til nýbýla, sé stofnfé, sem notandi býlisins hafi leigulaust um aldur og æfi, en sem hann megi þó eigi selja eða veðbinda. Verður því að búa um það þannig, að þetta verðmæti geti eigi farið í brask. Spursmál gæti verið um það, hvort áskilja ætti ríkinu forkaupsrétt að býlunum við sölu.

Um 7. gr.

Ríkisnýbýlin eiga að vera fyrirmyndarbyli og vel til þeirra vandað, svo alla nýtizku búnaðarhætti sé þar hægt að framkvæma. Með tíð og tíma vinnst svo reynsla í þessum efnum, sem öðrum getur orðið til fyrirmyndar eða viðvörunar.

Þegar staður er valinn fyrir ríkisnýbýli, þarf að láta mæla og teikna kort af landsvæði því, sem taka á, og um leið rannsaka alla möguleika, sem til greina geta komið. Þegar þessu er lokið, verður að gera áætlanir um byggingar, vegi, ræktun, vatnsleiðslur, rafvirkjun o. fl., sem að undirbúningnum lýtur. Þá honum er lokið, má byrja með framkvæmdir. Fyrst byggingar, sem á meðan á starfinu stendur má nota handa verkamönnum, síðan fyrir nýbyggjendur. Síðan verða önnur störf framkvæmd, eftir því sem henta þykir. Að byggja og rækta heilt nýbýlahverfi með 20—40 býlum er mikið starf. Þetta er ætlazt til, að framkvæmt sé með atvinnubótafé, og hyggjum vér, að því verði eigi varið til annara nyt-samari framkvæmda.

Um 8. gr.

Kunnugt er, að mörg þeirra nýbýla, sem reist hafa verið á síðari árum, hafa við mikla fjárhagsörðugleika að striða. Réttmætt virðist því að rétta þeim hjálparhönd til að reisa við búnað þeirra og framtíðarmöguleika.

Um 9. gr.

Að undanfögnu hefir það verið svo, að nýbyggjendur hafa þurft að útvega sér lán á mörgum stöðum. Á einum staðnum til bygginga, á öðrum til ræktunar og á hinum þriðja til verkfæra, áhafnar og búrekstrar. Þetta er mjög óhentugt. Samkvæmt þessu frumvarpi er ætlazt til, að allri lánsþörf nýbyggjenda sé fullnægt í Búnaðarbankanum, en að hinsvegar sé þess gætt, að býlin verði eigi um of skuldum hlaðin. Búnaðarbankanum er ætlað að annast þessi lán, og þarf ríkið að sjá fyrir því, að hann hafi fjárráð til þess.

Um 10. gr.

Þegar land til nýbýla er ákveðið, þarf það að vera með ákveðnum ummerkjum, og nýbyggjandi þarf að hafa eignarrétt á landinu. Ef menn sjálfir geta eigi útvegað sér land, myndi ríkið geta hlaupið undir bagga. Á eyðijörðum á sandgræðslusvæðunum má nú innan skamms fara að byggja mörg nýbýli, og á landspildum ríkisins í Flóanum má einnig byggja mörg nýbýli. Land það, sem ríkið lætur til nýbýlastofnana, má reikna upp í framlag þess.

Um 11. gr.

Aðallega er gert ráð fyrir, að nýbýlin verði stofnuð af einstaklingum, en hugsazt getur, að félög verði stofnuð til að koma upp dreifðum nýbýlum, eða að annar félagsskapur taki þetta á stefnuskrá sína. Vegna þess eru ákvæði þessarar greinar.

Um 12. gr.

Með ákvæðum þessarar greinar er ætlazt til, að þeir, sem vilja reisa nýbýli, stofni félag, sem hafi það að markmiði að koma upp nýbýlahverfi. Að sjálf-sögðu þarf hér alls hins sama undirbúnings og við ríkisnýbýlin. Hér er þó aðallega sá munur, að nýbyggjendur sjálfir geta ráðið um fyrirkomulag þessa félagsskapar og ýmsar framkvæmdir. Að sjálfsögðu þarf þó allur undirbúningurinn að vera í samráði og eftir leiðbeiningum nýbýlastjóra.

Um 13. gr.

Ríkisnýbýlin eiga að vera fyrirmyndarbýli hvað allt skipulag snertir og sýna, hvernig sé bezt að stunda íslenzkan búskap. Til þeirra þarf að vanda sem bezt. Reynsla og þekking verður að sýna, hvernig bezt er að koma öllu þessu fyrir.

Um 14. gr.

Gert er ráð fyrir, að ríkið reisi bæði einstök býli og nýbýlahverfi, sem geti myndað sjálfstæð sveitarfélög. Réttmætt þykir, að hin fyrstu ríkisnýbýli verði reist sitt í hverjum landsfjórðungi, bæði einstök býli og nýbýlahverfi.

Um 15. gr.

Til þess að nýbýli lánist og verði til frambúðar, þurfa þau að vera byggð af ötulum, framtakssömum mönnum, sem geta lagt sína starfskrafta til að færa búnaðinn í lag, og hafa eitthvað af mörkum að leggja, sem hægt sé að verja til.

stuðnings búnaðinum á nýbýlinu. Þykir rétt að miða fjárframlag þetta við kosnaðarverð býlisins.

Nánari reglur um þetta yrðu settar í reglugerð.

Um 16.—17. gr.

Að sjálfsgöðu hefir atvinnumálaráðherra yfirstjórn allra nýbýlamála í landinu. En aðalfrankvæmdirnar verður þó að fela sérstökum manni, sem hefir þekkingu á þeim efnun. Hentast er, að þessi maður sé starfsmaður Búnaðarfélags Íslands.

Um 18. gr.

Nýbýlastjóra er ætlað að leiðbeina í öllu, sem að nýbýlastofnun lýtur, vera ráðunautur nýbyggjenda og ráðgjafi þess opinbera.

Um 19.—22. gr.

Þurfa eigi skýringa við.